

Ár 2020, þriðjudaginn 15. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af meðlimum nefndarinnar Gunnari Guðmundssyni, Sigurði Inga Halldórssyni og Presti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 6/2020:

Knattspyrnudeild Vals
gegn
Knattspyrnudeildum Reynis, Víðis og Keflavíkur (RKV)

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Vals, kt. 670269-2569
Hlíðarendi
101 Reykjavík
Fyrirsvarismaður: Arnar Páll Garðarsson

Kærði:

Reynir, Víðir og Keflavík (RKV), kt. 541094-3269.
Reykjanesbær
Fyrirsvarismaður: Jónas Guðni Sævarsson.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 1. september sl. Í greinargerð sem barst frá RKV til skrifstofu KSÍ var brot viðurkennt af hálfu félagsins.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslitum í leik RKV og Vals í Íslandsmóti 3. flokks kvenna B-liða, sem leikinn var 31. ágúst sl. á Iðavelli, verði breytt og Val úrskurðaður 0-3 sigur í leik liðanna.

Eins og áður segir þá hefur kærði viðurkennt brot sitt í málinu.

III.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik RKV og Vals í Íslandsmóti 3. flokks kvenna B-liða, sem leikinn var 31. ágúst sl. á Iðavelli, hafi RKV teflt fram átta leikmönnum sem leikið höfðu síðasta A liðs leik í Íslandsmóti (RKV, A-lið/B1 deild). Leikmennirnir sem um ræðir séu Irma Rún Blöndal, Gabríela Þórunn Gísladóttir, Aníta Bergrán Eyjólfadóttir, Ragnhildur Rán Árnadóttir, Gyða Dröfn Davíðsdóttir,

Kamilla Ósk Jensdóttir, Ester Grétarsdóttir, Lilja Þorsteinsdóttir, Gunnhildur Hjörleifsdóttir.

Með tilvísun til reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót sé slíkt skýrt brotum á reglum og verðskuldi að RKV sé dæmdur ósigur.

Kærandi vísar til leikskýrslna á vef KSÍ máli sínu til staðfestingar.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu er kært vegna þess að því er haldið fram að hið kærða félag RKV hafi teft fram ólöglega skipuðu liði í leik RVK og Vals í Íslandsmóti 3. flokks kvenna B-liða, sem leikinn var 31. ágúst sl. á Iðavelli. Kærði hefur viðurkennt brot sitt í málinu. Þá liggur fyrir í gögnum málsins að í umræddum leik hafi a.m.k. átta leikmenn tekið þátt í leiknum sem einnig höfðu verið á meðal byrjunarliðsmanna í næsta leik á undan með A-liði félagsins í sama aldursflokki. Stangast það á við ákvæði 7.5.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Um ræðir leik Tindastóls og RKV í Íslandsmóti 3. flokks kvenna A-liða í B1 deild, sem fram fór þann 22. ágúst 2020.

Verður því að taka kröfur kæranda til greina og breyta úrslitum í umræddum leik málsaðila á þann veg að kæranda, Val, er úrskurðaður 0-3 sigur í leik liðanna þann 31. ágúst 2020 í Íslandsmóti 3. flokks kvenna B-liða.

Skýlt er samkvæmt grein 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að úrskurða kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 10.000,- í sekt til KSÍ.

V.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik RKV og Vals í Íslandsmóti 3. flokks kvenna B-liða, sem leikinn var á Iðavelli þann 31. ágúst sl., er breytt og Val úrskurðaður 0-3 sigur í leiknum.

Kærði, RKV, greiði kr. 10.000,- í sekt til KSÍ.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Gunnar Guðmundsson [sign]

Sigurður Ingi Halldórsson [sign]

Þröstur Ríkharðsson [sign]